

# Verkmenntaskólinn á Akureyri



Ársskýrsla VMA 2015

Nóvember 2016

## **Inngangur**

Í þessari skýrslu verður fjallað um þau verkefni sem um getur í skólasamningi Verkmenntaskólans á Akureyri (VMA) og Mennta- og menningarmálaráðuneytisins (MRN) fyrir árið 2015. Greint verður frá því hvernig að þeim hefur verið unnið á árinu. Einnig koma fram ýmsar tölulegar upplýsingar er varða skólann og það starf sem þar var unnið á árinu 2015. Skýrsla þessi er lögð fram eftir samstarfsnefndarfund skólameistara og starfsmanna MRN í nóvember 2016 og er unnin óvenju seint en venjan er að skila skýrslunni á fyrsta ársfjórðungi ár hvert. Skýrslan er unnin af stjórnendum skólans og er birt á vef hans.

## **Hlutverk og skipulag skólans**

Samkvæmt lögum um framhaldsskóla er hlutverk VMA að stuðla að alhliða þroska allra nemenda og virkri þátttöku þeirra í lýðræðisþjóðfélagi með því að bjóða hverjum nemanda nám við hæfi svo að hann verði sem best búin undir að taka virkan þátt í lýðræðisþjóðfélagi. Framhaldsskólinn býr nemendum undir störf í atvinnulífinu og frekara nám.

Samkvæmt skólasamningi er hlutverk skólans kennsla til stúdentsprófs á bóknámsbrautum, listnámsbrautum, brautarbrú, iðnnámsbrautum og til starfsréttinda ásamt starfsbraut fyrir nemendum með sérþarfir. Fjölbreytt fjarnám er við skólann ásamt fjarnámi og meistaraskóla fyrir iðnsveina.

Skólinn er áfangaskóli og eru námsbrautir byggðar upp samkvæmt námsbrautarlýsingum úr eldri og nýjum námskrám.

Á haustönn 2015 hófst kennsla samkvæmt nýjum brautarlýsingum á stúdentsprófsbrautum og hafa þær brautir fengið samþykki frá MRN. Nám á iðn- og starfsnámsbrautum eru settar upp samkvæmt námskrám í viðkomandi greinum.

Ýmsir bóklegir áfangar og meistaraskóli fyrir iðnmeistara eru kenndir í fjarnámi.

Einnig var í boði lotunám í kjötiðn og matartækni á árinu.

Upplýsingar um brautir og brautarlýsingar má finna á heimasíðu skólans, sjá\_

<http://www.vma.is/is/namid> . Á vef skólans má einnig sjá áfangaslýsingar\_

<http://www.vma.is/is/namid/afangar> og kennslu- og námsáætlanir eru birtar á vefnum <http://www.vma.is/is/namid/namsaaetlanir-2/eldri-namsaaetlanir>.

## Markmið

Skólinn skal leitast við að efla færni nemenda í íslensku máli, bæði töluðu og rituðu, efla siðferðisvitund, ábyrgðarkennd, víðsýni, frumkvæði, sjálfstraust og umburðarlyndi nemenda, þjálfa þá í öguðum og sjálfstæðum vinnubrögðum, jafnrétti og gagnrýninni hugsun, kenna þeim að njóta menningarlegra verðmæta og hvetja til þekkingarleitar. Framhaldsskólar sinna miðlun þekkingar og þjálfun nemenda þannig að þeir öðlist færni til að gegna sérhæfðum störfum og hafi forsendur til að sækja sér frekari menntun.

Skólinn leggur áherslu á öflugt dagskólanám, fjarnám og að vera iðn- og starfsnámsskóli landsbyggðarinnar.

Markmið skólans eru samkvæmt 2. kafla í skólasamningi og koma áherslur og markmið VMA fram í hinum almenna hluta skólanámskrár og gæðahandbók sem er að finna á heimasíðu skólans. Gerð verður grein fyrir helstu gæðamarkmiðum skólans í þessari skýrslu.

- **Nemendur nái sem bestum árangri í námi sínu bæði bóklegu og verklegu.** Markmiðið er að meðaleinkunn nemenda í öllum áföngum sé ekki lægri en 6,5 og að meðaltali sé fall í áföngum ekki meira en 10%.

Vorið 2015 var meðaleinkunn 6,74. Því kemur sá þáttur ívið betur út en sett er fram í markmiðum. Markmiðum um meðaleinkunn er náð en fallprósentan er yfir markmiðum skólans eða 11,9%. Á haustönn 2015 var fall í áföngum 9,75% en meðaleinkunn 6,87. Báðum markmiðum er því náð á haustönn 2015. Fyrir árið er meðaleinkunn 6,81 og fallprósetan 10,82.

- **Bæta ástundun og minnka hlutfall þeirra nemenda sem hverfa frá námi.** Mætingar nemenda verði almennt ekki undir 90% í kennslustundum og brotthvarf úr áföngum sé ekki meira en 9%.
  - x Vorið 2015 voru mætingar 85,23% í kennslustundir og brottfallið 9,7% og þar af hættir í skóla 5,4%. Því kemur þessi þáttur verr út en sett er

fram í markmiðum. Á haustönn var mæting 86,4% í allar kennslustundir og brotthvarf 9,25% í dagskóla. Í fjarnámi var brottfallið 27% á vorönn m.v. þá sem hefja nám og 26% á haustönn. Fyrir árið eru mætingar 85,82% og fallprósetan 9,48%. Í gæðamarkmiðum skólans er stefnt að því að brotthvarf fari ekki yfir 9% í dagskóla og því markmiði er ekki náð. Mæting er aðeins undir markmiðum. Markmið vegna brotthvarfs og meðaleinkunnar hefur ekki verið skilgreind í fjarnámi.

- **Nemendur séu ánægðir í skólanum og með þá þjónustu sem þar er veitt.** Markmiðið er að í þjónustukönnunum sem lagðar eru fyrir nemendur svari ekki færri en 75% nemenda þeirri spurningu játandi að þeir séu ánægðir með kennsluna sem þeir fá í skólanum/áföngum. Þá telji 90% nemenda að þeim líði vel í skólanum, 90% að námið í VMA undirbúi þá vel fyrir frekara nám eða störf og 85% séu ánægðir með þá aðstöðu til náms sem skólinn býður þeim upp á.

x Á vorönn 2015 svöruðu 88.9 nemenda að þeir væru mjög eða frekar sammála því að þeir væru á **heildina litið ánægðir með kennsluna** í skólanum. Á haustönn 2015 var hlutfallið 86,3%. Þessum gæðamarkmiðum var því náð á árinu.

Í kennslu- og áfangamati sem gert var á báðum önnum 2015 segjast 92% nemenda vera mjög eða frekar sammála því að **aðstaða til náms í skólanum sé viðunandi**. Viðmið skólans er að 85% svari frekar eða mjög sammála. Gæðamarkmið skólans náðust því á þessu sviði á árinu.

Ekki var lögð fyrir þjónustukönnun á árinu og því ekki spurt um undirbúning til frekara náms eða starfa né um um líðan nemenda.

- **Að starfsmenn séu ánægðir í starfi sínu í VMA og að starfseminni séu skapaðar eins góðar forsendur og kostur er með öllum aðbúnaði.** Í könnun sem lögð er fyrir starfsmenn skólans segist 85% aðspurðra vera sammála eða mjög sammála því að þeir séu ánægðir með núverandi

vinnuaðstöðu sína og 95% séu sammála eða mjög sammála því að vera ánægðir í starfi þegar á heildina sé litið.

Á haustönn 2015 var gerð starfsmannakönnun. Í gæðamarkmiðum skólans eru tveir þættir sem eru athugaðir í starfsmannakönnun, þeir eru hér að neðan. 108 svöruðu könnuninni.

Mælikvarði	Markmið	Niðurstaða haust 2015
Ég er ánægð(ur) með núverandi vinnuaðstöðu mína.	85% svara mjög sammála eða frekar sammála	75,9% svöruðu frekar sammála eða mjög sammála
Þegar á heildina er litið er ég ánægð(ur) í starfi mínu.	95% svara mjög sammála eða frekar sammála	91,7% svöruðu frekar sammála eða mjög sammála

Í starfsmannakönnun 2012 segjast 68% starfsmanna vera mjög og frekar ánægðir með núverandi vinnuaðstöðu sem er svipuð niðurstaða og árið 2010 þegar hlutfallið var 69% og borið saman við rúm 64% árið 2008. Í gæðamarkmiðum skólans eru viðmiðin að 85% svari frekar eða mjög sammála. Markmiði skólans er ekki náð og erfitt að bæta aðstöðuna á sparnaðartímum. Mikil þörf er á að bæta aðbúnað kennara og starfsmanna við skólann s.s. tölvubúnað og skrifborð og stóla sem eru komnir til ára sinna. Flest allir kennarar hafa eigið vinnusvæði á vinnustofum kennara sem eru bæði í A-álmu og á einstaka brautum.

91,7% starfsmanna svara spurningunni á heildina litið er ég ánægður í starfi með því að svara mjög eða frekar sammála. Starfsánægja er því mikil í VMA og gæðamarkmiðum skólans náð.

- **Halda virkri gæðavottun um rekstur skólans samkvæmt ISO 9001 staðli í því skyni að skólinn haldi henni.**

- x Skólinn starfar eftir ISO 9001 gæðakerfinu og miðuðust útektir á árinu við að allt nám í dagskóla yrði vottað og fer fram ytri úttekt í því skyni tvisvar á ári. Vinna við að laga kennslu í fjarnámi að gæðakerfi skólans hófst á haustönn 2011 og er enn ekki lokið.

Einkunarorð skólans eru Fagmennska – Fjölbreytni – Virðing.

Nánar má sjá upplýsingar um [markmið og stefnu skólans](#) á heimasíðu hans, [gæðamarkmið](#) skólans eru einnig aðgengileg á heimasíðu skólans.

## Nemendafjöldi

Á vorönn 2015 hófu 1063 nemendi (1009 ársnemendur) nám í dagskóla en 440 (134 ársnemendur) í fjarnámi. Alls 127 nemendur með 145 brottfararskírteini voru brautskráðir; 80 stúdentar, 44 af iðn- og starfsnámsbrautum, 10 af starfsbraut og 11 úr meistaraskóla. Brottfall á vorönn 2015 í dagskóla var 9,7% en 27% í fjarnámi.

Á haustönn 2015 hófu 1157 nemendur (1104 ársnemendur) nám í dagskóla, þar af 212 nýnemar. 322 (98 ársnemendur) hófu nám í fjarnámi. Alls voru 113 nemendur brautskráðir með 131 brottfararskírteini. 54 stúdent voru útskrifaðir, af iðn- og starfsnámsbrautum 65 og 12 úr meistaraskóla. Brotthvarf á haustönn 2015 var 9,25% en 26% í fjarnámi.

## Skipting á brautir

Á vorönn 2015 var skipting nemenda á brautir þannig að 9% voru á almennri braut, 33% voru á tæknisviði, 19% á félagsfræða- og viðskipta- og hagfræðisviði, 5% á starfsbraut, 21% á raungreinasviði og 13% á listnámsbraut.

Á haustönn 2015 var skipting nemenda á brautir þannig að 6,3% voru á brautarbrú, 47,5% nemenda voru í iðn- eða starfsnámi, 49 % á stúdentsprófsbrautum og 3,4% á starfsbraut.

Nemendur skólans eru á ýmsum aldri. Á haustönn 2015 var yngsti nemandinn fæddur 2000 en sá elsti 1954. Alls eru 61,7% nemenda 20 ára og yngri (aldur miðaður við áramót 2015-2016) 22,7% nemenda var eldri en 20 ára og 8,23% eldri en 25 ára. 61,9% nemenda í dagskóla eru karlar og 38,1% konur og í fjarnámi eru 45% karlar og 55% konur. Sjá má að hlutföll karla í námi í skólanum fer hækkandi. Flestir nemendur skólans eða 57,7% koma frá Akureyri (póstnúmer 600 og 603). 17,6% koma annars staðar af Eyjafjarðarsvæðinu, 24,8% koma frá öðrum sveitafélögum þar af rúmlega helmingur af norðurlandi. Nánari upplýsingar um

kynjaskiptingu á brautum og hvaðan nemendur skólans koma eru á heimasíðu, sjá <http://www.vma.is/is/skolinn/innra-og-ytra-mat/tolur-um-nemendur-vma>

## **Innritun 2015**

1063 nemendi hófu nám á vorönn 2015, 141 komu nýir inn í skólann eða voru endurinnritaðir. 1155 nemendur hófu nám á haustönn 2015, 431 komu nýir inn í skólann eða voru endurinnritaðir, þar af 212 nýnema. 60% nýnema eru piltar og 40% stúlkur. Innritun á haustönn 2015 fór fram í samræmi við leiðbeiningar um innritun í framhaldsskóla frá MRN. Innritunin var miðlæg, unnin af Advania í gegnum Innu eftir að skólastjórnendur höfðu númerað umsækjendur inn í skólann. Flest allir nýnema sem sóttu um VMA sem fyrsta og annað val fengu merkingu inn í skólann. Nokkrum nemendum, sem sóttu um brautarbrú og höfðu lögheimili á upptökusvæði annars framhaldsskóla en VMA, var hafnað. Strangari kröfur voru gerðar við inntöku nemenda eldri en 18 ára miðað við síðustu ár. Horft var til fyrri mætinga og úrsagna úr áföngum til að meta umsækjendur inn í skólann. Alls var 45 eldri nemendum var synjað um skólavist á haustönn 2015 og 15 vorönn 2015.

## **Þróunarverkefni og samstarf**

Frá haustönn 2015 var byrjað að vinna eftir nýjum námsmatsreglum í VMA. Þar er helsta breytingin sú að allir nemendur skólans koma til með að fá miðannarmat en ekki aðeins þeir sem eru undir 18 ára aldri. Gæðakerfið er í stöðugri þróun innan skólans og innleiða þarf samhliða breytingar á skólanámskránni. Hafa þarf að leiðarljósi að létta gæðakerfið þannig að það taki ekki of mikinn tíma frá kennurum og stjórnendum án þess að sket verði þau gæði sem skólinn stendur fyrir. Reglurnar endurspeglar fjölbreytt námsmat og taka mið af fjölbreyttum kennsluháttum, námsmarkmiðum og hæfni nemenda. Lögð er áhersla á leiðsagnarmat og símat sem gefur nemendum uppbyggilega og hvetjandi leiðsögn og metur vinnuframlag nemenda jafnt og þétt yfir önnina. Nánar má sjá um [námsmatsreglurnar](#) á heimasíðu skólans.

Mikill tími og vinna fór í endurskoðun á skólanámskrá og brautarlýsingum á árinu. Verkefnastjóri skólanámskrá skólans vann með stjórnendum og kennurum að brautarlýsingum og sá um að setja þær inn á namskra.is. Brautarlýsingar byggja á

aðalnámskrá og þeim áherslum sem koma fram í skólanámskrá VMA. Jafnframt voru stúdentsprófsbrautir unnar út frá aðgangsviðmiðum háskólanna. Allir kennarar og stjórnendur skólans komu að vinnunni með einum eða öðrum hætti. Vinnan var kynnt á kennara- og fag- og brautarfundum, öll gögn gerð aðgengileg og kennurum gefinn kostur á að segja sitt um vinnuna.

Ný námskrá býður upp á meiri sveigjanleika en áður og skólarnir fá þar tækifæri til að marka sér sérstöðu. Kennarar og stjórnendur hafa því haft tækifæri til að laga námið í skólanum að sérstöðu skólans, nemendahópsins og nærsamfélagsins. Allar stúdentsprófsbrautir skólans fengust samþykktar vorið 2015 og byrjuðu allir nýnemar nám við skólann samkvæmt nýrri námskrá. Þessar brautir eru:

Náttúruvísindabraut (NÁB), Fjölgreinabraut (FJB), Félags- og hugvísindabraut (FÉB), Íþrótt- og lýðheilsabraut (ÍLB),

Listnáms- og hönnunarbraut - Myndlistarlína (LMB), Listnáms- og hönnunarbraut - Textíllína (LTB) og Viðskipta- og hagfræðibraut (VHB). Jafnframt innrituðust

nemendur inn á Brautabré (BB) sem er ætluð nemendum sem eru óráðnir í námsvali eða hafa ekki náð fullnægjandi námsárangri í kjarnagreinum grunnskóla. Brautin hefur það markmið að vekja áhuga nemandans á námi í framhaldsskóla og styrkja námshæfni hans m.a. með það fyrir augum að nemandinn komist inn á aðrar námsbrautir framhaldsskólans.

Verknám var aðlagð að nýjum áherslum og áfangar skilgreindir á þrep fyrir nýnema og þá sem hófu nám á haustönn 2015. Vinnu við brautarlýsingar í verknámi er ekki lokið.

Skilgreind voru [lokamarkmið](#) náms við skólann og nánari upplýsingar um nýja [námskrá](#) má finna á heimasíðu skólans sem jafnframt er skólanámskrá VMA.

Unnið var áfram að **þróunarverkefnum** er tengjast innleiðingu laga um framhaldsskóla frá árinu 2008 og nýrri menntastefnu. Á árinu 2013 fékk VMA úthlutað styrkjum til sex verkefna úr þróunarsjóði er tengjast starfsmenntun (*Nám er vinnandi vegur*) og lauk nokkrum á árinu en öðrum er ekki lokið.



- **Þróun náms til B-réttinda vélstjornar fyrir vélvirkja með sveinspróf.**

Vinna við verkefnið hófst á vorönn 2013 og er unnið í samvinnu við Tækniskólann. Lokaskýrslu verður skilað með sameiginlegu verkefni þar sem VMA og Tækniskólinn vinna að heildarendurskoðun námsskrár í vélstjórn. Verkefnið er enn í vinnslu og er unnið með námi til D-réttinda.

- **Þróun náms til D- réttinda vélstjornar.** Vinna við verkefnið hófst á vorönn

2013 og er unnið í samvinnu við Tækniskólann. Lokaskýrslu verður skilað með sameiginlegu verkefni þar sem VMA og Tækniskólinn vinna að heildarendurskoðun námsskrár í vélstjórn. Á vorönn 2013 var haldinn sameiginlegur fundur kennara og stjórnenda í báðum skólum. Fundurinn var haldinn í Tækniskólanum og gaf tóninn í þeirri flóknu vinnu sem framundan er í námsskrárgerðinni. Á vorönn 2014 var haldinn fundur í VMA með kennurum og stjórnendum úr báðum skólum. Viku síðar skall á verkfall kennara og stjórnenda svo vinnan við verkefnið lá alveg niðri fram að hausti 2014. Verkefnið gengur hægt enda um stóra námsbraut að ræða og margir þættir sem þarf að koma að. Skólarnir hafa verið í sambandi við aðila í MRN sem eru meðvitaðir um seinkun vinnunar við námsbrautina. Vinnu við vélstjórnarbraut er ekki enn lokið og verkefnið flókið og seinlegt.

- **Nám í bifhjólavirkjun.** Verkefnið átti að fara af stað á haustönn 2013 en vegna samstarfs við skóla í Danmörku var ekki hægt að byrja verkefnið fyrr en í mars 2014. Hinsvegar seinkaði þessu samstarfi enn á vorönn 2014 vegna verkfalls kennara og samstarfsaðilinn var ekki tilbúinn í samstarf á árinu 2014. Á haustönn 2015 var ákveðið að verkefnið yrði látið niður falla.

- Skólinn fékk styrk í júlí 2013 til að vinna að gerð **listnámsbrautar með hönnunar- og textíl sem kjörsvið.** Lokaskýrslu var skilað á vorönn 2015.

Áfanga- og brautarlýsingar sem búið er að vinna hafa verið settar inn í námsskrárgrunn MRN (namskra.is).

Nokkrir kennarar og stjórnendur tóku þátt í samstarfsverkefnum með öðrum skólum um endurskoðun á námsskrám t.d. í hárið, málsmíðabraut og í vélstjórnarnámi. Þessi verkefni eru flest enn í vinnslu í lok ársins og lokaskýrslum ekki verið skilað.

## Erlent samstarf

Unnið var að nokkrum samstarfs- og þróunarverkefnum í VMA á árinu. Skólinn tekur þátt í nokkrum verkefnum í gegnum menntaáætlun Evrópusambandsins. Hér er gert grein fyrir helstu verkefnum sem voru í gangi á árinu 2015.

- **Mobility** - Haldið var áfram að taka við og semja um vinnustaðanáms fyrir nemendur frá Randers í Danmörku og Lahti í Finnlandi. Þetta samstarf hefur verið í gangi í nokkur ár. Alls komu sjö nemendur frá Randers Social- og Sundhedsskole SOSU og tveir nemendur frá Salpaus skólanum í Lahti. Þrír sjúkraliðanemendur frá VMA fóru í þrjár vikur til Randers og einn nemandi fór til Lahti í þrjár vikur.
- Fyrsti nemandi til að taka samningstíma sinn erlendis fór til Þrándheims á samning í hárgreiðslu og byrjaði þar 1. september 2015 með 9 mánaða styrk.
- Leonardo daVinci yfirfærsluverkefnið **SOS Mobilities** sem stýrt er af Axxell Utbílning í Finnlandi fjallar um að kennarar undirbúi nemendur fyrir vinnustaðanáms erlendis, áhersla er á nemendur sem eru í brottfallshættu. Þátttakendur frá VMA hafa verið Harpa Jörundardóttir, Ómar Kristinsson og Haraldur Vilhjálmsson. Tveir fundir voru haldnir í verkefninu á árinu, á Englandi í mars 2015 og í Paphos á Kýpur í október 2015. Verkefninu lauk á árinu.
- Kennarar á starfsbraut VMA taka þátt í þróunarverkefni um **vinnustaðanáms fyrir nemendur sem þurfa sérstakan stuðning**. Verkefnið fjallar um samvinnu skóla og atvinnulífs fyrir nemendur með sérþarfir, hvernig skólarnir undirbúi nemendur sína fyrir störf á vinnumarkaði og hvernig nemendum gangi að verða virkir þátttakendur í þjóðfélaginu. Þátttakendur eru VMA, FÁ,

Noregi og Finnlandi. Ragnheiður Gunnbjörnsdóttir, kennslustjóri starfsbrautar og Rögnvaldur Símonarson kennari hafa tekið þátt í verkefninu.

- **VMA og Charlottenlund í Þrándheimi** í Noregi hafa fengið styrki til gagnkvæmra heimsóknna kennara og nemenda. Um er að ræða tvo styrki annars vegar fyrir nemendur og kennara í tækninámi og hins vegar á sviði list- og hársnyrtináms.

Í febrúar 2015 fóru þrír kennarar frá VMA í heimsókn til Þrándheims. Sveina Björk Jóhannesdóttir af listnámsbraut og Harpa Birgisdóttir og Hildur Salína Ævarsdóttir kennarar í hárið. Í apríl fórl Harpa Birgisdóttir með tvo nemendur í hárið frá VMA til Þrándheims. Haustið 2015 komu nokkrir nemendur og kennari frá CVS í heimsókn til Akureyrar. Verkefninu lýkur árið 2017.

Baldvin Ringsted sviðsstjóri tæknisviðs fór í heimsókn til Þrándheims í febrúar og haustið 2015 komu nemendur og kennari frá CVS í heimsókn í VMA. Verkefninu lýkur árið 2016.

- **WorkQual.** Workmentoring within a Quality Management System. Erasmus Plus verkefni sem er stjórnað af VMA. Verkefnið fjallar um að taka saman og staðla vinnubrögð við að koma nemendum í vinnustaðanáms og meta námið. Auk VMA vinna að þessu verkefni skólar í Noregi, Finnlandi, Englandi, Hollandi og Frakklandi. Þátttakendur frá VMA eru Jóhannes Árnason, Hrafnhildur Sigurgeirsdóttir, Ari Hallgrímsson og Guðmundur Ingi Geirsson. Haldnir voru fundir í Hereford á Englandi í mars 2015 og í Harderwijk í Hollandi í september 2015. Verkefninu lýkur haustið 2016.
- **Completing Secondary Education.** Þetta verkefni gengur út að safna saman upplýsingum um það sem skólarnir gera og hefur skilað árangri í að minnka brottfall. Markmiðið er að koma saman pakka af aðferðum sem hægt er að læra af hinum skólunum og geta þannig beitt fleiri úttæðum til að minnka líkur á brottfalli. Charlottenlund í Þrándheimi stýrir verkefninu. Auk þeirra eru VMA og skólar í Finnlandi, Danmörku, Þýskalandi og Hollandi. Þátttakendur frá VMA eru Sigríður Huld Jónsdóttir, Benedikt Barðason og

Ásdís Birgisdóttir. Tveir fundir voru haldnir í verkefninu á árinu, í apríl á Akureyri og í Þrándheimi haustið 2015.

- Skólinn hélt áfram að vinna að **samstarfsverkefninu FING** en það snýst fyrst og fremst um menntun og þjálfun við olú- og gasvinnslu úti á sjó og öryggis- og umhverfismál á norðurslóðum. Markmið samvinnunnar er að byggja upp sérhæfða þekkingu og færni nemenda til að mæta þörfum atvinnulífs í gas- og olúíðnaði úti á rúmsjó. Jafnframt að stuðla að menntun og þjálfun meðal fólks sem leið til að auka atvinnutækifæri í olú- og gasgeiranum og að þróa aðferðir til að kenna fræðilega sem og verklega þjálfun þar sem nemendur leggja bæði stund á fjarnám sem og staðnám. Verkefnið er samstarfsverkefni skóla í Færeyjum, Íslandi, Noregi og Grænlandi.

Jóhann Björgvinsson og Vilhjálmur Kristjánsson fóru til Stafangurs í byrjun febrúar á seinni hluta námskeiðsins og fengu "operator certifikat" í flokki G4. Námskeiðið var alls 72 klukkustundir. Áfangastjóri fór til Porto í byrjun nóvember ásamt stjórnendum frá hinum FING löndunum. Haldinn var verkefnisfundur, fundur með skólayfirvöldum um samvinnu í haftengdum verkefnum, skólaheimsóknir og loks héldu FING-stjórnendur fyrirlestur um FING og Norðurslóðir, menntun, verkefni og áskoranir fyrir fullum fyrirlestrarsal nemenda og kennara í Faculty of Engineering, University of Porto.

- **Nordisk samtids- og kriminal litteratur** er Nord-Plus verkefni sem kennarar í íslensku og norðurlandamálum taka þátt í. Verkefnið fjallar um samtíma bókmenntir og glæpasögur sem skrifaðar eru á norðurlandamálunum. Samstarfsskólarnir eru: Hadeland Videregående skole sem er framhaldsskóli í Noregi, Katrinelundsgymnasiet sem er í Svíþjóð og Köpenhamns KVUC sem er miðstöð fyrir fullorðinsfræðslu í Kaupmannahöfn. Verkefnið hófst með undirbúningsfundi í Hadeland í febrúar 2015. Kristín S. Árnadóttir, Snorri Björnsson og Þórdís Jónsdóttir tóku þátt í þeim fundi. Í september var haldinn fundur í Gautaborg þar sem Kristín S. Árnadóttir og Snorri Björnsson tóku þátt.

- **Green POP** er verkefni sem fjallar um lífræna ræktun, FACE í Makedoniu er stjórnandi, VMA sér um mjög afmarkaðan part af verkefninu. Jóhannes Árnason verkefnastjóri erlendra samskipa fór í tvo fundi á árinu sem voru haldnir í Skopje í Makedoniu í apríl 2015 og í Hveragerði í október 2015. Verkefninu lýkur árið 2017.
- Í apríl 2015 komu fjórir kennarar frá Salpaus í Lahti í Finnlandi til að skoða VMA og vinnustaði. Undirrituð var samkomulag um að VMA reyndi að finna vinnustaðavist fyrir nemendur frá Salpaus.

Vorið 2015 komu starfsmenn RANNÍS í úttektarheimsókn í skólann og fóru yfir vinnubrögð VMA varðandi verkefni sem skólinn tekur þátt í og eru styrkt í gegnum sjóði RANNÍS. Nokkrar athugasemdir voru gerðar ásamt leiðbeiningum um það sem betur mætti fara. Í heildina var ánægja með vinnubrögðin í VMA.

Mikið er um fyrirspurnir til VMA um þátttöku í erlendu samstarfi og þarf skólinn að vísa frá fjölmögum beiðnum um samstarfsverkefni. Nánar má sjá um erlent samstarf og samstarfsverkefni á [heimasíðu skólans](#).

Í lok ársins hlaut verkefnið Starfsfóstri eða [Workmentor](#), sem Jóhannes Árnason, verkefnisstjóri erlends samstarfs, hefur stýrt fyrir hönd VMA, viðurkenningu frá Evrópusambandinu sem „fyrirmyndarverkefni“ í hópi verkefna á sviði starfsmenntunar í Leonardo da Vinci starfsmenntaáætlun Evrópusambandsins. Verkefnið fjallar um að þróa námskeið fyrir starfsmenn á vinnustöðum sem taka að sér að styðja nema eða nýliða á vinnustað. Auk VMA voru þátttakendur skólar og stofnanir í Wales, Englandi, Finnlandi, Frakklandi, Hollandi og Noregi. Verkefnið var unnið á árunum 2012-2014 og er mikil viðurkenning á starfi skólans. Þegar hafa vinnubrögð sem þróuð voru í verkefninu fest sig í sessi í samstarfi við vinnustaði sem taka að sér nemendur.

Tveir skiptinemar á vegum AFS voru í VMA á vorönn (eru skólaárið 2014-2015), stúlka frá Belgíu og stúlka frá Spáni. Tveir AFS skiptinemar voru í VMA á haustönn 2015 (skólaárið 2015-2016), stúlka frá Ítalíu og strákur frá Japan.

## Þróunar- og samstarfsverkefni

VMA tekur þátt í verkefninu **Heilsueflandi framhaldsskóli** undir leiðsögn frá Embætti Landlæknis. Skólinn hefur fengið silfurviðurkenningu í floknum næringu og gulli í hreyfingu. Á árinu var unnið með geðræktarhluta verkefnisins en ekki hefur verið sótt um viðurkenningu í þeim hluta. Verkefnið hefur verið í svolítillri lægð á árinu þar sem vinna stjórnenda og kennara hefur farið að mestu í vinnu við skólanámskrá.

Frá því á vorönn árið 2013 hefur VMA tekið þátt í verkefni á vegum MRN þar sem verið er að kanna þekkta áhættuþætti hjá nemendum varðandi brotthvarf úr námi, könnunin nefnist **Könnun á námsumhverfi nemenda (Risk detector)**. Könnunin hefur síðan verið lögð fyrir nýnema að hausti ár hvert. Námsráðgjafar halda utan um verkefnið, leggja það fyrir og fylgja eftir með viðtölum við nemendur. Tilgangur verkefnisins er m.a. að greina hvaða nemendur eru í brotthvarfshættu og skrá ástæður brotthvarfs, til að bæta þekkingu á orsökum brotthvarfs og draga úr því.

Eftirtaldir 16 þættir eru taldir gefa vísbendingar um það hvort nemandi sé í brotthvarfshættu eða ekki;

Námsleg skuldbinding	Metnaður	Skólahegðun	Fyrri námsárangur
Námserfiðleikar	Eftirfylgni foreldra	Hvatning föður í námi	Trú á eigin getu í námi
Stuðningur kennara	Skuldbinding vina til náms	Félagsleg skuldbinding	Samsömun við skóla
Stuðningur foreldra	Hvatning móður í námi	Námshcegðun	Vissa með námsval

Haustið 2015 svöruðu 200 nýnemar könnuninni. 28 nemendur voru með 7 af 15 áhættuþáttum og var þessum nemendum boðið í viðtal til námsráðgjafa í kjölfarið. Flestir þessara nemenda voru í námi á Brautarbrú og strákar voru í meirihluta. Þeir þættir sem komu oftast fram í könnuninni voru námserfiðleikar og námsleg

skuldbinding. Margir nemendur virtust líka hafa litla trú á eigin getu í námi, lítinn metnað og óvissir með námsval. Nemendur skiluðu sér ágætlega í viðtöl til námsráðgjafa og tókust viðtölin vel. Könnunin er einnig gott tækifæri til að spjalla við nemendur um námsumhverfi þeirra og líðan.

Niðurstöður úr könnunarinnar gefa vísbendingu um að mikl vægt sé að halda vel utanum þá nemendur sem eru að glíma við námsörðugleika og hafa jafnvel gert alla sína skólagöngu. Einnig þarf að auka samstarf og samtal milli skólastiga varðandi nemendur og þau sérúrræði sem þeir þurfa mögulega á að halda. Með einhverjum hætti þarf að auka skuldbindingu nemenda til náms og skóla en rannsóknir hafa sýnt að skuldbinding nemenda til náms og skóla verður til þess að þeir hætta síður í skóla, jafnvel þeir sem standa illa að vígi námslega. Lítil skuldbinding eykur líkur á því að nemendur hætti í námi jafnvel þótt þeir standi vel námslega.

### **Samstarf við skóla á NA-landi.** Í júní 2015 kynnti mennta- og

menningarmálaráðherra þá ákvörðun sína að setja á laggirnar starfshóp um stöðu og framtíð framhaldsskóla á norðaustursvæði. Hópnum væri ætlað að kortleggja grunnþætti í starfsemi skólanna svo sem mannauð og námsframboð og leggja fram sameiginlega tillögu að framtíð framhaldsskólustarfs á svæðinu með það að markmiði að nemendur á svæðinu hafi jafnan og greiðan aðgang að lögbundnu og fjölbreyttu námsframboði, stoðþjónusta skólanna sé fullburða og reksturinn sjálfbær. Í starfshópnum yrðu fulltrúar mennta- og menningarmálaráðuneytisins, Eyþings-sambands sveitarfélaga í Eyjafirði og Þingeyjarsýslu, Atvinnuþróunarfélags Eyjafjarðar og skólameistarar framhaldsskóla á norðaustursvæði. Ráðrík ehf. færi með verkefnisstjórn. Nemendaþróun á norðaustursvæði hefur verið á þann veg að nemendum skólanna hefur fækkað á undanförunum árum vegna minni árganga upp úr grunnskóla og útlit er fyrir að svo geti orðið áfram. Endurskipulagning á námi til stúdentsprófs mun einnig hafa áhrif á nemendafjölda framhaldsskóla, einkum bóknámsskóla. Forgangur nemenda að innritun í framhaldsskóla getur líka haft áhrif á nemendafjölda framhaldsskóla í dreifbýli. Í heildina bætir fækkunin rekstrarstöðu framhaldsskólakerfisins en ekki er hægt að horfa framhjá því að einstaka skólar, einkum fámennir, gætu áfram glímt við rekstrarvanda jafnframt því, sem er mikilvægara, að eiga enn erfiðara með að halda úti fjölbreyttu námsframboði.

Þessar aðstæður kalla á viðbrögð af hálfu þeirra sem bera ábyrgð á námi á framhaldsskólastigi; ráðuneytis, sveitarfélaga og skólanna sjálfra. Hlutverk starfshópsins endurspeglar þessa staðreynd. Frá upphafi var ljóst að takmarkaður áhugi var fyrir því að sameina skólana til að bregðast við þessum aðstæðum, en sú hugmynd hafði áður verið kynnt sem mögulegt viðbragð við fækkun nemenda. Mikill vilji til náins samstarfs, þar sem skólarnir setja sér markmið og taka á sig ábyrgð á einstaka þáttum til að takast á við nýjar aðstæður reyndist hins vegar fyrir hendi, og úr því var unnið.

Haldnir voru þrjár fundir á árinu 2015 og ákveðið að halda áfram að skilgreina betur samstarfið m.a. með þeim markmiðum að VMA gæti boðið upp á lotunám í iðn- og verknámi fyrir nemendur í samstarfsskólunum. Skólarnir munu gera yfirlit yfir jafngildisáfangi til að auðvelda námsmat og námsval á milli skólanna og samstarf um stoðþjónustu og mannauð milli skólanna. Verkefninu verður haldið áfram á árinu 2016. Skýrsla um samstarfið er til í Mennta- og menningarmálaráðuneyti.

**Samstarf við grunnskólana** á Akureyri hefur verið að aukast á síðustu árum. Á vorönn var boðið upp á svokallaða matsönn fyrir nemendur í 10. bekk í samvinnu við grunnskólana á Akureyri. Matsönn er einskonar „aukaönn“ ætluð grunnskólanemendum í 10. bekk, sem hafa ákveðið að sækja um skólavist í VMA næsta haust og hyggjast nýta sér sveigjanleika áfangakerfisins til að flýta námi sínu í framhaldsskóla af hvaða tagi sem er. Nemendum er boðinn aðgangur að námsefni í áföngunum í gegnum kennsluvefinn Moodle og að taka próf í lok vorannar. Með þessari leið er nemendum í 10. bekk gert auðveldara að fara á milli skólastiga með mat á þeirri þekkingu og hæfni sem þeir hafa þegar tileinkað sér innan grunnskólans. Nemendur gátu farið á matsönn í ÍSL103, ENS103, STÆ102 og DAN 102.

Frá og með haustönn 2013 hefur VMA verið í samstarfi grunnskólana á Akureyri, fyrst við Brekkuskóla en síðan við valgreinanefnd Grunnskóla Akureyrar. VMA býður upp á samvalsgreinar í vali fyrir 9. & 10. bekk. Á vorönn 2015 voru tveir hópar í iðngreinakynningu í rafiðngreinum en á haustönn voru þrjár hópar, tveir í kynningu á bygginga- og mannvirkjagreinum og einn í kynningu á sjúkraliða- og



umönnunargreinum. Mikil ánægja er með þetta samstarf en markmið þess er að efla áhuga ungs fólks á iðn- og tækninámi. Aðsókn nýnema í iðn- og starfsnám hefur verið jöfn og góð undanfarin ár.

**Samstarf við háskóla** gæti verið meira. Skólastjórnendur hafa ítrekað óskað eftir því að nemendur í grunn- og framhaldsnámi í Háskólanum á Akureyri komi í skólann til að vinna að rannsóknum og lokaverkefnum. Kennaranemar komu á árinu til að taka starfsþjálfun og vettvangsnám, bæði frá kennaradeild HA og menntavísindasviði HÍ.

**Samstarf við símenntunarstofnanir** þá sérstaklega SÍMEY á Akureyri er mjög gott. Helstu verkefni tengjast raunfærnimati. Þá er skólinn í góðu samstarfi við Iðuna hvað varðar ýmsa þætti í verklegu námi og samningstíma nemenda í iðnnámi.

Á árinu hafa aðstoðarskólameistari og áfangastjóri fundað með aðilum frá SÍMEY, Nýsköpunarmiðstöð Íslands og Akureyrarbæ þar sem ræddar hafa verið hugmyndir um að setja á stofn **FabLab smiðju** í samstarfi við VMA.

Öflugt **samstarf er við ýmis fyrirtæki og stofnanir** í nærumhverfi skólans. Nemendur í almennu starfsnámi hafa fengið starfsþjálfunarpláss innan margvíslegra fyrirtækja og stofnana og þá eru á hverjum tíma nemendur á samningi hjá ýmsum iðnfyrirtækjum og meisturum. Stofnað var fagrað í málm- og véltæknigreinum haustið 2012 og hefur það fundað með kennurum og stjórnendum nokkrum sinnum á árinu. Áhersla hefur verið á að gera þarfagreiningu á tækjakaupum vegna náms í málm- og véltæknigreinum. Bæði fagraðið og Hollvinasamtök VMA hafa fest sig í sessi innan skólans og nærsamfélagsins á árinu.

## **Sjálfsmat og eftirfylgni**

Lögð er áhersla á að mælanleg markmið séu sett á ýmsum sviðum skólastarfsins. Þessi markmið eru mælanleg og gerðar eru reglulega kannanir meðal nemenda og starsmanna í því skyni að geta séð hvort settum markmiðum hefur verið náð.

Helstu þættir sjálfsmats og eftirfylgninnar eru:

- **Kennslu- og áfangamat:** Nemendur meta kennsluna, aðstöðuna og námsefnið. Matið er lagt til grundvallar í starfsmannaviðtölum, samantekt á niðurstöðum birtar á heimasíðu og í skýrslu gæðastjóra eftir hverja önn. Niðurstöður [kennslu- og áfangamats](#) ársins voru birtar á heimasíðu skólans. Kennarar hafa allir fengið niðurstöður úr könnunum ársins. Kennslumat var gert í [fjarnámi](#) á haustönn 2015 og má sjá niðurstöður á heimasíðu skólans.
- **Framvindumat:** Kennarar meta hvernig kennslan gengur í hverjum áfanga og hvort þeir fylgi þeirri kennsluáætlun sem lagt var upp með. Matið er framkvæmt í lok hvefarr annar og niðurstöður birtar í [skýrslu gæðastjóra](#) sem finna má á heimasíðu skólans.
- **Áfangamat:** Skoðaður er árangur nemenda, hvernig áfanginn gekk og hvað má betur fara. Jafnframt kemur fram hvort einhverju hafi verið ábótavant í kennslunni. Niðurstöður eru ræddar á gæðaráðsfundum, mál sett í vinnslu og þeim vísað áfram til ábyrgðaraðila.
- **Þjónustumat:** Nemendur meta þá þjónustu sem skólinn veitir. Þar er t.d. skoðað hvernig líðan nemenda er, hvernig nemendur líta á þjónustu á bókasafni, námsráðgjafar o.s.frv. Í könnunin sem gerð var á haustönn 2013 var í fyrsta sinn spurt um einelti og kynferðislega áreitni. Þá var einnig spurt um það hvort nemendur hefðu hugsað um að hætta í skólanum og helstu ástæður þess. [Niðurstöður](#) eru birtar á heimasíðu og skýrslu gæðastjóra fyrir haustönn 2013. Spurningar sem mæla gæðamarkmið skólans eru í þessari könnun og nokkrar spurningar úr þjónustukönnuninni eru notaðar á hverri önn í kennslukönnunum. Þjónustukönnun er gerð á 2ja ára fresti en var frestað yfir til ársins 2016.
- **Stjórnendamat:** Starfsmenn skólans meta stjórnendur með tilliti til hæfileika, stjórnunar og ýmissa annarra þátta. Um leið og stjórnendamat er gert er spurt um almenna líðan í vinnu og þætti er lúta að starfi starfsmanna innan skólans (starfsmannakönnun). Niðurstöður eru birtar á heimasíðu og skýrslu gæðastjóra. Spurningar sem mæla gæðamarkmið skólans eru í

þessari könnun. Könnun var síðast gerð haustið 2012 og er lögð fyrir á 2ja ára fresti. Könnuninna sem gera átti á haustönn 2014 var frestað yfir til ársins 2015 og fór hún fram á haustönn. Búið er að ákveðið að nota framvegis *Stofnun ársins* sem hluta af innra mati skólans og sem starfsmanna- og stjórnendakönnun en könnunin *Stofnun ársins* fer fram á vorin.

- **Innra mat:** Allar verklagsreglur gæðakerfisins eru teknar út og skoðaðar. Í innra matshópi skólans sitja gæðastjóri og fimm kennarar. Gæðastjóri stýrir vinnunni og gæðaráð fylgir henni eftir. Innri matshópur kemur ábendingum til stjórnenda og gerir einnig úttekt á störfum þeirra. Niðustöður innri úttekta eru teknar fyrir á gæðaráðsfundi, mál sett í vinnslu og þeim vísað áfram til ábyrgðaraðila.
- **Ytra mat:** Úttektarmaður frá Vottun ehf skoðar á hverri önn hvort skólinn sé að vinna eftir gæðakerfinu og uppfylli þá þætti sem þarf til að viðhalda vottuninni. Skólinn er með allt dagskólanám vottað. Á árinu var haldið áfram að vinna að því að setja fjarnámið inn í gæðakerfi skólans en þeirri vinnu er ekki að fullu lokið.
- **Frábrigði, ábendingar og kvartanir:** Allir þættir náms og kennslu eru stöðugt undir eftirliti gæðakerfis. Allir sem koma að kennslu og námi í skólanum hafa leiðir til að koma á framfæri tilkynningum á frábrigðum, ábendingum eða kvörtunum sem fram kunna að koma í starfsemi skólans. Þannig er hægt að skoða þessi tilvik með tilliti til þess hvort unnt er að gera úrbætur og tryggt að stöðugar umbætur séu framkvæmdar á allri starfsemi skólans. Allar tilkynningar eru skráðar og teknar fyrir á gæðaráðsfundum og gerð grein fyrir þeim í skýrslu gæðastjóra fyrir hverja önn.
- [Skýrslur um innra mat](#) í VMA má nálgast á vef skólans.

## Rekstur

Í fjárlögum 2015 var gert ráð fyrir 1023 nemendaígildum og fjárheimild var kr. 1.367.947 m. kr. Við endurskoðun á nemedatölum framhaldsskólanna var ársnemendum fækkað um 87 og framlag til skólans lækkað um 20,3 milljónir. Skólinn skilaði 1048 nemendaígildum á árinu.

Ýmsar endurgreiðslur frá ríkinu m.a. vegna námsorlofa voru kr. 25 millj. Halli á rekstri skólans fyrir árið 2015 nam kr. 7.040.208. Halli frá fyrra ári var kr. 30.277.557. Höfuðstóll ársins 2015 var því neikvæður um 37.317.765 millj. króna. Það sem helst skýrir þennan mikla hallarekstur skólans er að í fjárlögum var gert ráð fyrir talsvert meira umfangi starfsbrautar en raunin varð. Samkvæmt áætlun frá MRN var gert ráð fyrir 66 ársnem. í sérkennslu og 66 ársnem í ADL, raunin varð hins vegar að 43.5 ársnem. voru í sérkennslu og 49.5 nem í ADL árið 2015. Ósamræmi var í þeim upplýsingum sem fóru frá skólanum og endanlegum fjölda sem notaður var til að reikna út framlög vegna starfsbrautar. Í uppgjöri ársins 2015 var reiknuð lækkun framlags til starfsbrautar skólans 49.5 m.kr., en hins vegar var tekin sú ákvörðun af ráðaneytinu að helminga þá upphæð til frádráttar. Fjárheimild skólans var því lækkuð um 24.7 m.kr. vegna uppgjörs starfsbrautar skólans. Sjá frekari upplýsingar um rekstur skólans í ársreikningi ársins 2015.

Framlegja þurfti í ýmsum aðgerðum frá síðustu tveimur árum m.a. fækkun hópa og minnka námsframaboð. Nemendafækkun undanfarnar annir hefur haft áhrif á reksturinn og valdið talsverðum vanda sem meðal annars hefur verið leystur á þann hátt að ekki hafa verið ráðnir kennarar í stað þeirra sem hafa farið á eftirlaun eða farið í leyfi, nema í undantekningatilvikum. Er horft fram til þess að sú leið verði farin áfram svo fremi sem stætt verður á því.

Í lok ársins var gerð úttekt á tölvubúnaði skólans. Niðurstöður úttektarinnar sýndi að meðalaldur 50% útstöðva í skólanum er níu ár og komin mikil endurnýjunarþörf. Bæta þarf þráðlaust net innan skólans og búnað fyrir kerfisstjórn. Tækjakostur skólans er farinn að hafa áhrif á alla þróun í kennsluháttum tengt upplýsingatækni og skólinn er ekki tilbúinn í skýjalausnir eins og stefnt er að.

Öll prentun og ljósritun er í þjónustusamningi í gegnum rent-a-prent hjá Nýherja sem jafnframt leigir og þjónustar skólann með allan tækjabúnað tengt prentun og ljósritun.

Eins og áður hefur verið bent á hefur niðurskurður í fjárveitingum til framhaldsskólanna komið hart niður á ýmsum þáttum í rekstri þeirra sakir þess hversu hátt hlutfall rekstrarfjár fer í að greiða laun og reka húsnæði. Þó svo að í reiknilíkani sé gert ráð fyrir ákveðinni hlutfallstölu í þágu kaupa á búnaði og tækjum í verknámsskólum hefur á undanförunum árum ekki verið neinn afgangur til þess að fjármagna nauðsynlega endurnýjun. Þá hefur ekki heldur verið borð fyrir báru til þess að endurnýja tölvubúnað nema í mjög litlum mæli. Þá hefur endurnýjun á búnaði í kennslustofum og vinnuaðstöðu kennara verið í algjöru lágmarki og segja má að gamlir og úr sér gengnir stólar séu að verða skaðlegir heilsu og vellíðan nemenda og starfsmanna.

## Húsnæði

VMA er starfræktur í um 14,584 fermetra húsnæði að Hringteigi 2 á Akureyri. Um 80 kennslustofur eru í skólanum, líkamsræktarsalur, samkomusalir (Gryfja og M01) og skólabókasafn. Vinnurými og kaffistofa er fyrir kennara í A-álmu og inn á einstaka brautum og álmum. Mötuneyti er í skólanum fyrir nemendur sem starfsfólk hefur einnig aðgang að en jafnframt er boðið upp á hádegishlaðborð í mötuneyti starfsfólks. Rekstur mötuneytis er á vegum Lostætis ehf sem hafði rekið mötuneytið síðustu níu ár.

Skólinn leigir húsnæði Íþróttahallarinnar á Akureyri (Akureyrarbær) til íþróttakennslu.

Helstu **breytingar á húsnæði** skólans á árinu voru þær að settur var upp bar í þrúðvangi veitingasal matvælabrautar. Skipt var um gólfefni og lagaðar snyrtingar á vélstjórnarbraut. Breytingar voru gerðar á eldhúsaðstöðu í kennarastofu A-álmu, sett upp ný framreiðslulína, ný innrétting og skipt um gólfefni í kringum eldhúsaðstöðu.

Unnin er viðhaldsáætlun fyrir húsnæðið og send til Fasteigna ríkissjóðs í lok hvers árs.

## Mannauður og starfsmannamál

Á haustönn voru 138 starfsmenn fastráðnir við skólann í um 140 stöðugildum, þar af 109 kennarar í um 111 stöðugildum. Fjarnámskennarar (9) eru taldir með í þessum tölum. Kynjahlutfall allra starfsmanna er nær jafnt. Í yfirstjórn skólans eru skólameistari, aðstoðarskólameistari og tveir áfangastjórar. Auk þeirra starfa við stjórnun, þrír sviðsstjórar, 11 brautarstjórar, átta fagstjórar, skrifstofustjóri, verkefnastjóri gæðamála, skólanámsskrá og heimasíðu, forstöðumaður bókasafns. Við nemendapjónustu starfa námsráðgjafar (tveir í 100% stöðu og einn í 25% stöðu), viðburðastjóri, forvarnarfulltrúi, skólahjúkrunarfræðingur og sálfræðingur. Aðrir starfsmenn eru; bókhalds- og innheimtufulltrúi, þrír starfsmenn á skrifstofu skólans, starfsmaður á bókasafni, umsjónarmaður fasteigna, 12 þjónustuliðar og fjórir stuðningsfulltrúar. Formlegar starfslýsingar eru í gæðahandbók fyrir öll störf í skólanum.

Á haustönn tók í gildi nýtt skipulag innan stjórnunar skólans. Hlutastöður fimm kennslustjóra voru lagðar niður og í stað þess voru ráðnir þrír sviðsstjórar í fullar stöður; sviðsstjóri stúdentsbrauta, sviðsstjóri tækni- og fjarnáms og sviðsstjóri framhaldsskólaprófs og brautarbrúar. Jafnframt var stöðum áfangastjóra breytt í fullt starf í stað 90% áður. Stjórnendur eru því ekki lengur með kennslu sem hluta af starfi sínu.

Á vorönn 2015 voru fjórir kennarar í námsorlofi og einn í launalausuleyfi. Tveir kennarar létu af störfum vegna aldurs í lok vorannar. Á haustönn eru tveir kennarar í námsleyfi og fjórir í launalausuleyfi. Allir kennarar í fullu starfi fyrir utan þrjá eru með kennsluréttindi, allir á tæknisviði. Einn kennari í fullu starfi var í veikindaleyfi á haustönn.

Nokkur starfsmannavelta var á árinu og þá aðallega ráðingar vegna afleysinga.

Allir starfsmenn eru boðaðir í starfsmannasamtal á tveggja ára fresti en vegna mikilla anna hjá stjórnendum skólans voru fá starfsmannaviðtöl tekin á árinu.

Nýtt vinnumat kennara var tekið í notkun á haustönn 2015 og fór fram mikil vinna hjá kennurum og stjórnendum varðandi innleiðingu þess.

Meðalaldur kennara við skólann fer hækkandi og á haustönn 2015 eru 23 kennarar komnir með 19 tíma kennsluskyldu eða kennsluáflátt upp á alls 115 kennslustundir

sem nemur 4.8 stöðugum miðað við 24 kennslustundir á viku. Í upphafi haustannar eru 18 kennarar með kennsluskyldu upp á 21-23 tíma. Þá eru alls 41 kennarar komnir með kennsluafslátt (5-1 kennslustundir) sem gerir alls 137 kennslustundir eða 5.5 stöðugildi í heild miðað við 24 kennslustundir.

Hjalti Jón Sveinsson skólameistari VMA frá árinu 1999 var ráðinn skólameistari Kvennaskólans í Reykjavík frá 1. janúar 2016. Ráðning á nýjum skólameistara VMA dróst og ekki komið í ljós við brautskráningu í desember 2015 hver yrði ráðinn skólameistari. Í lok desember var Sigríður Huld Jónsdóttir aðstoðarskólameistari VMA frá árinu 2006, skipuð skólameistari frá 1. janúar 2016.

## **Félagslíf nemenda**

Starfsemi nemendafélagsins sneri fyrst og fremst að félagslífi nemenda. Á vorönn var haldin árshátíð, söngkeppni og opnir dagar ásamt smærri viðburðum.

Breytingar sem gerðar voru á Gryfjunni á síðasta ári hefur aukið nýtingu nemenda á aðstöðunni í Gryfjunni. Þar hefur meðal annars verið vettvangur tónlistarlífs í skólanum sem hefur verið fjörukt þetta árið eins og svo oft áður. Má í því sambandi nefna viðburði í löngu frímínútunum sem oftar en ekki hafa verið tónlistarlegs eðlis. Í apríl var haldið vorhlaup VMA og MA og var góð þáttaka nemenda og starfsmanna frá báðum skólum. Skipulag var í höndum nemenda og kennara og var mikill metnaður lagður í að hafa hlaupið löglegt með því að skrá tíma með viðurkenndri tímatöku.

Á fyrstu dögum skólans að hausti var haldin nýnemahátíð sem gekk afar vel í blíðskaparveðri. Á haustönn var haldin vel heppnuð jafnréttis- og mannréttindavika. Hópur nemenda og kennara tók þátt í hinu svokallaða Flensborgarhlaupi á haustdögum sem samnefndur skóli hefur staðið að af miklum myndarskap í nokkur ár og hefð komin á að senda lið frá VMA.

Mæting á viðburði var almennt mjög góð og fer allt félagslíf nemenda fram án vímuefna. Fulltrúar nemenda sitja í skólaráði þar sem þeir halda utan um hagsmuni nemenda. Þá komu nemendur að verkefninu Heilsueflandi framhaldsskóli. Kosið er í stjórn nemendafélagsins á vorönn. Viðburðarstjóri starfar með nemendaráði að

félagslífinu í samvinnu við stjórnendur. Á árinu var gott samstarf á milli nemendafélags og stjórnenda skólans.

## **Foreldrasamstarf**

Foreldrafélag VMA var stofnað haustið 2005. Tilgangur og markmið félagsins eru að efla samstarf milli foreldra um málefni sem varða velferð, menntun og þroska nemenda, að vera vettvangur samstarfs og samráðs foreldra og forráðamanna nemenda, að tryggja gott samstarf foreldra og forráðamanna, nemendafélags og starfsfólks skólans, að skapa farveg fyrir samskipti við stjórnendur skólans um málefni og hagsmuni ólögráða nemenda sérstaklega gagnvart bæði námsaðstæðum og þjónustu af hálfu skólans og að styðja heimili og skóla í að skapa nemendum góð uppeldis- og menntunarskilyrði.

Stjórn foreldrafélagsins hittist í þremur fundum á árinu og situr formaður í skólanefnd. Á árinu voru haldnir tveir fundir með foreldrafélaginu þar sem ýmskonar kynning á starfsemi og þjónustu til nemenda fór fram. Námsráðgjafar, umsjónarkennarar, stjórn nemendafélagsins og stjórnendur kynntu m.a. skólastarfið fyrir foreldrum. Skólameistari sendi út á haustönn tvö fréttabréf og eitt á vorönn til allra foreldra/forráðamanna nemenda yngri en 18 ára þar sem ýmsum upplýsingum og fréttum var komið á framfæri við foreldra/forráðamenn.

## **Lokaorð**

Uppgjör VMA við ríkissjóð um áramótin 2015/2016 var skólanum afar óhagstætt fyrir ýmsar sakir. Einkum munaði miklu að uppgjör vegna starfsbrautar sem var skólanum afar óhagstætt vegna ofáætlunar. Ekki er tekið tillit til kennsluafsláttar í framlögum til framhaldsskóla og hefur það mikil áhrif á kennslukostnað í VMA. Á árinu 2014 var greiðslustaða skólans við ríkissjóð -58 milljónir og hafði skólinn náð niður þeim halla á árinu 2015 niður í -25 milljónir, þrátt fyrir afar slæmt rekstarár. Ljóst er að erfitt er fyrir skóla eins og VMA að vera undirfjármagnaður eins og þessar tölur bera með sér, ár eftir ár.



Á árinu voru gerða miklar breytingar á námi nemenda með innleiðingu nýrra námsbrauta og breytingum í skólanámskrá. Þar hafa allir lagst á eitt að gera námið í VMA enn betra og ber að þakka starfsfólki fyrir vel unnin störf í tengslum við námskrárvinnuna. Í VMA er unnið að heilindum að því að vinna að markmiðum skólans fyrir nærsamfélagið og að undirbúa nemendur undir þau verkefni sem bíða þeirra í framtíðinni, hvort sem það er beint til starfa í starfs- og iðngreinum eða til frekara náms.

Gjört á Eyrarlandsholti 30. nóvember 2016

---

Sigríður Huld Jónsdóttir  
Skólameistari VMA

**Skóli: Verkmenntaskólinn á Akureyri, Hringteigi 2, 600 Akureyri,  
www.vma.is**

### **Stærð skóla, fjöldi nem og starfsmanna**

VMA er skóli með um 1150 nemendum í dagskóla og um 138 starfsmönnum þar af 109 kennarar í um 15000 fermetra húsnæði. Ársnemendur skv. fjárlagafrumvarpi 2015 eru 1023 en skólinn skilaði 1048 nemendaígildum á árinu.

### **Námsframboð**

Skólinn starfar eftir áfangakerfi og skiptist niður á fjögur kennsluvið. Á haustönn 2015 var skipting nemenda á brautir þannig að 6,3% voru á brautarbrú, 47,5% nemenda voru í iðn- eða starfsnámi, 49% á stúdentsprófsbrautum og 3,4% á starfsbraut. 400 nemendur eru í fjarnámi sem svarar til um 100 ársnemenda.

**Framkvæmd markmiða** Unnið var samkvæmt gæðamarkmiðum gæðahandbókar skólans og markmiðum skólasamnings og skólanámskrár.

### **Umbótapættir eftir sjálfsmat:**

Skólinn hefur sjálfsmatsáætlun og skilar árlegri skýrslu. Dagskóli VMA er vottaður ISO9001 og skilar á hverri önn gæðaskýrslu sem í má finna allar helstu tölur og niðurstöður sjálfsmats. Gæðaskýrslur eru birtar á heimasíðu skólans.

### **Úttektir**

Ytri úttekt gerð fyrir MRN var gerð á haustönn 2011. Úttekt á sjálfsmatskerfi skólans fór fram á vorönn 2008. Vottun hf gerir úttekt á hverri önn á VMA í tengslum við ISO9001 vottun skólans.

### **Afkoma, rekstrarstaða**

Samkv. Fjárlagafrumvarpi 2015 fær VMA 1.367.947 milljónir króna. Um áramótin 2015/2016 var VMA í -24.942.053 kr. skuld við ríkissjóð en áramótin 2014/2015 var skólinn í -58.670.587 kr. skuld við ríkissjóð.

### **Brottfall**

Skv. áfangalistum á haustönn 2015 var brottfall í dagskóla 9,25% og 26% í fjarnámi.

### **Stjórnun**

Auk skólameistara er aðstoðarskólameistari, tveir áfangastjórar, sviðsstjórar, skrifstofustjóri, bókhalds- og innheimtufulltrúi, gæðastjóri, fag- og brautarstjórar o.fl. samkvæmt STS-005 sem finna má í [gæðahandbók](#) VMA á [www.vma.is](http://www.vma.is)

### **Samvinna við aðra.**

Skólinn tekur þátt í fjórum þróunar- og samstarfsverkefnum er lúta að þróun námsbrauta. Skólinn er í níu formlegum erlendum samstarfsverkefnum og tekur þátt í nemendaskiptum milli landa. VMA tekur þátt í samstarfi við framhaldsskóla á Norðausturlandi og er í formlegu

*samstarfi við ýmis félög, stofnanir og fyrirtæki í nærsamfélaginu í tengslum við iðn- og starfsnám nemenda.*

### **Sérstakar áherslur/sérsvið skólans**

- *Áhersla er lögð á að Verkmenntaskólinn sé góður skóli fyrir alla nemendur sem hann sækja.*
- *Námsleiðir eru fjölbreyttar og koma til móts við væntingar, hæfileika, áhuga og þarfir fjölbreytts nemendahóps og atvinnulífs á svæðinu.*
- *Lögð er áhersla á að rækta það besta í nemendum, glæða áhuga nemenda á náminu og efla sjálfstæði þeirra, sjálfstraust, félagsþroska og samskiptahæfni.*

*Gildi skólans eru: Fagmennska – Fjölbreytni - Virðing*